



## Stjórn SSH 526. fundur

Miðvikudaginn 23. júní 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Aðalfundur Betri Samgangna ohf. / málsnr. 2003010

Fyrir liggur aðalfundarboð Betri Samgangna ohf. en aðalfundurinn verður haldinn 1. júlí 2021. Þá liggur fyrir ósk um tilnefningu stjórnar SSH í stjórn Betri Samgangna ohf. en með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er óskað eftir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund. Þá tilnefnir SSH varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Eftirfarandi tillaga er lögð fram:

Formaður stjórnar SSH leggur til að sömu aðilar og voru tilnefndir í stjórn Betri Samgangna ohf. í október 2020 sitji áfram en skv. hlutahafasamkomulagi skulu tilnefningar miða við að formaður stjórnar geti setið að lágmarki í fjögur ár og stjórnarmenn að lágmarki í tvö ár með það að markmiði að sérfræðipækning byggist upp innan stjórnarinnar og þannig sé tryggt að vel takist til með framkvæmd verkefnisins. Er því gerð tillaga um eftirfarandi aðila í stjórn félagsins:

1. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, sem jafnframt er tilnefndur sem varaformaður stjórnar Betri Samgangna ohf.
2. Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.
3. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Varamaður: Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.

### Niðurstaða fundar:

Framangreind tillaga er samþykkt samhljóða.

### 2. Aðalfundur Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Sturlaugi Sturlaugssyni forstöðumanni Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur að aðalfundur Fjölsmiðjunnar verði haldinn fimmtudaginn 24. júní kl. 15:00. Á dagskrá fundarins eru m.a. tilnefningar í stjórn Fjölsmiðjunnar.



Samkvæmt 6. gr. skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjuna eiga sex manns sæti í stjórn, og er einn þeirra tilnefndur af SSH. Jafnframt skal tilnefna varamann.

Gerð er tillaga um að Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH verði tilnefndur sem aðalmaður í stjórn og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH verði tilnefnd sem varamaður.

**Niðurstaða fundar:**

Framangreind tillaga er samþykkt samhljóða.

**3. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.